

2. bekkur stærðfræði

Kennarar: Sigríður Ísold Einarsdóttir; Sigurlaug Hauksdóttir

Lýsing

Tungumál og verkfræði stærðfræðinnar er notað við stærðfræðileg viðfangsefni, fjölbreytt vinnubrögð þjálfuð við beitingu stærðfræðilegra viðfangsefna; tölur og talnareikning, algebru, rúmfræði og mælingar og tölfræði, og líkindi. Í stærðfræði eru unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Í stærðfræði verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár í 1.-4. bekk. Hæfniviðmiðin verða brotin í smærri markmið.

Námsefni

Sprota 2a og 2b nemendabók og æfingahefti.

Í undirdjúpunum - samlagning/frádráttur.

Vasareiknir.

Kennsluaðferðir

Innlagnir

Verkefni í bók

Verklegar og skriflegar æfingar

Spil og leikir

Námsmat

Kaflapróf eru á eftir hverjum kafla og eru þau lögð fyrir nemendur eins og hvert annað verkefni, en kennari fer yfir og metur stöðuna. Við lok hvorrar annar er lagt fyrir stöðupróf.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk

- Framvinda
- Hæfnieinkunn (A-D)

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Rúmfræði og mælingar

- Unnið með mælikvarða og lögun.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Tölfræði og líkindi

- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

